Mánudaginn 21. desember 1998.

Nr. 495/1998. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
(Hjalti Pálmason fulltrúi)
gegn
Óskari Þór Gunnlaugssyni
(enginn)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. desember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 17. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. janúar 1999 kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar á úrskurði héraðsdóms.

18. desember sl. var gefin út ákæra á hendur varnaraðila, þar sem honum eru gefin að sök allmörg brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og umferðarlögum nr. 50/1987.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Óskari Þór Gunnlaugssyni, kt. 180676-3179, óstaðsettum í hús, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, uns dómur gengur í málum hans, en þó eigi lengur en til miðvikudags 13. janúar 1999 kl. 16.00.

Helstu málavextir eru þeir, að kærði, sem sætt hefur gæsluvarðhaldi frá 20. september sl., var handtekinn 19. sama mánaðar vegna grunar lögreglu um, að hann hefði á síðustu mánuðum framið fjölda innbrota og þjófnaða,

aðallega í íbúðarhús, auk fíkniefnabrots, tilraunar til fjársvika og aksturs undir áhrifum lyfja. Brot þessi voru framin á tímabilinu 27. júlí til 19. september sl., og hefur kærði játað flest þeirra, þar á meðal sex innbrot og þjófnaði, þar sem stolið var umtalsverðum verðmætum. Hefur kærði viðurkennt, að hann hafi verið undir áhrifum fíkniefna, er hann framdi brotin, og fjármagnað fíkniefnaneyslu sína með afbrotum. Samkvæmt greinargerð lögreglu er rannsókn brota kærða á lokastigi, og muni ákæra á hendur honum verða gefin út á næstu dögum.

2. júlí 1998 var kærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í tveggja ára fangelsi fyrir fíkniefnainnflutning, vörslur fíkniefna, innbrot og þjófnaði, og áfrýjaði hann dóminum. Brot kærða, sem eru grundvöllur beiðni lögreglu, voru því framin, eftir að hann hlaut framangreindan dóm.

Með vísan til framanritaðs þykir mega ætla, að kærði muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið, fari hann frjáls ferða sinna. Er því fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir kærða, og verður fallist á þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að honum verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 13. janúar 1999 kl. 16.00.

Sigurjóna Símonardóttir, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Kærði, Óskar Þór Gunnlaugsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 13. janúar 1999 kl. 16.00.